

**Er ýtt undir óraunhæfar væntingar hjá umsækjendum í ráðningarferlinu?  
Þóra Hrólfsdóttir  
Mannauðsstjórnun  
Janúar 2007**

## Útdráttur

Markmið þessarar rannsóknar var að skoða hvaða væntingar starfsmenn gerðu sér til nýs starfs og fyrirtækis þegar þeir voru ráðnir til starfa og hversu vel þeir töldu að væntingarnar hefðu verið uppfylltar eftir að þeir hófu störf. Einnig var kannað hvort ýtt hafi verið undir óraunhæfar væntingar hjá umsækjendum í ráðningarferlinu og hvort staðið hafi verið við þau loforð sem starfsmennirnir töldu að hefðu verið gefin.

Til þess að leita svara við þessum spurningum var gerð eigindleg rannsókn sem fólst í því að taka viðtöl við ellefu manns. Rætt var við átta starfsmenn sem hófu störf á árinu 2006 og voru viðtöl tekin við þá eftir að þeir höfðu starfað hjá nýjum vinnuveitanda í um það bil þrjá mánuði. Einnig var rætt við þrjá starfsmenn ráðningarfyrirtækisins Capacent í Reykjavík til þess að skoða þeirra hlið á ráðningarferlinu. Áður en rannsóknin fór fram var unnin fræðilegur hluti verkefnisins sem byggir að miklu leyti á umfjöllun um hinn svokallaða sálfræðilega samning.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar er ekki verið að ýta undir óraunhæfar væntingar hjá umsækjendum í ráðningarferlinu. Einnig er ekkert sem bendir til þess að vinnuveitendur og ráðningarstjórar geri mikið til þess að „selja“ starfið þeim umsækjanda sem þeim líst best á. Samkvæmt rannsókninni gera starfsmenn sér nokkuð raunhæfar - en að vísu misjafnar - væntingar til starfsins og vinnustaðarins áður en þeir hefja störf.

Meirihluti þátttakenda taldi að staðið hefði verið við flest þau loforð sem gefin voru í ráðningarferlinu. Flestir nefndu þó einhver dæmi um það sem þeir töldu að hefði farið öðru vísi en þeir áttu von á. Þeir þátttakendur sem töldu að ekki hefði verið staðið við loforð sem gefin voru í ráðningarferlinu og vörðuðu atriði sem skiptu þá verulegu máli voru greinilega óánægðari í starfi en hinir.

Áberandi var hversu margir nefndu að það væri mikilvægt að góður vinnuandi væri á vinnustaðnum en það er nokkuð sem skiptir starfsmenn greinilega miklu máli þegar þeir hefja störf á nýjum vinnustað.